

Framsöguræða Jón Kristjánssonar, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum nr. 125/1999 um málefni aldraðra.

Herra forseti.

Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum. Frumvarpið er liður í og byggist á því víðtæka samkomulagi sem ríkisstjórnin og Landsamband eldri borgara gerðu 19. nóvember 2002 og fól í sér margþættar aðgerðir til að bæta aðstæður og lífskjör eldri borgara. Þáttur í því samkomulagi var að endurskoða hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra og auka frumkvæði heilbrigðisyfirvalda þegar kemur að ákvörðunum um uppbyggingu nýrra þjónusturýma.

Í upphafi máls míns er rétt að geta þess að með þessu frumvarpi og með því að setja á laggirnar nefnd sem skila á tillögum um sveigjanleg starfslok hefur ríkisstjórnin staðið í meginatriðum við samkomulagið við eldri borgara og fyrir hönd ríkisstjórnarinnar lýsi ég sérstakri ánægju með þann ávinnig sem varð af því samstarfi, en ég kem nánar að því máli hér á eftir.

Herra forseti.

Liður í samkomulaginu sem hér er um rætt var að tímabært væri að breyta hlutverki Framkvæmdasjóðs aldraðra á þann veg að hann fengi formlega það hlutverk að greiða öldrunarstofnunum húsnæðisframlag, leiguígildi sem standi undir viðhaldskostnaði og stærstum hluta af fjárfestingarkostnaði nýrra hjúkrunarheimila.

Frumvarpið sem hér er mælt fyrir í dag breytir hlutverki Framkvæmdasjóðs aldraðra og tekur mið af tillögum sem settar voru fram af starfshópnum í nóvember 2002 og sérstökum vinnuhópi starfsmanna heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins frá því í maí 2003.

Gerir frumvarpið ráð fyrir heimild til að greiða úr Framkvæmdasjóði aldraðra húsaleigu vegna leigu á hjúkrunarheimili sem byggt hefur verið fyrir aldraða af öðrum en ríkinu. Húsaleiga sem greidd er með þessum hætti skal vera að undangengnu útbóði og telst ígildi stofnkostnaðar. Þá er gert ráð fyrir því að heimilun séu framlög til viðhalds húsnæðis dagvistar-, dvalar- og hjúkrunarheimila. Ennfremur að þátttaka sveitarfélaga sé aldrei minni en 15% af stofnkostnaði og þegar ríki og sveitarfélög byggja sameiginlega sé eignarhluti þeirra í sömu hlutföllum og skipting stofnkostnaðar. Áfram er gert ráð fyrir að ríki og sveitarfélög geti samið um aðra kostnaðarskiptingu og eignarhlut. Þegar ríki og sveitarfélög leigja sameiginlega húsnæði fyrir hjúkrunarheimili er gert ráð fyrir að leigan skiptist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

Gert er ráð fyrir að hætt verði að setja fjármagn úr Framkvæmdasjóði aldraðra í rekstur öldrunarstofnana og að það verði gert í áföngum á tímabilinu 2004 til 2008. Þegar hafa verið stigin fyrstu skref í þá átt með því að lækka rekstrarlið Framkvæmdasjóðs aldraðra um 45 m.kr. í fjárlagafrumvarpi ársins 2004. Því eru enn í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004 231,5 m.kr. til styrktar rekstri stofnanþjónustu fyrir aldraða.

Í núgildandi lögum er gert að skilyrði að áður en framkvæmdir og rekstur hefjist þá skuli heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra veita sérstakt framkvæmda- og rekstrarleyfi. Þessu er ekki breytt með frumvarpinu en talið mikilvægt að skerpa á framkvæmdinni að því er varðar umsóknir og leyfisveitingar. Í skýrslu samstarfshópsins var bent á að heilbrigðisyfirvöld ættu að hafa meira frumkvæði að ákvörðunum um uppbyggingu nýrra þjónusturýma þannig að með opinberum hætti sé greint frá áformum yfirvalda um uppbyggingu og kaup á þjónustu. Þessi ábending hefur verið tekin til skoðunar í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og er tekið mið af því í frumvarpinu að þannig verði það í framtíðinni. Frumvarpinu fylgja drög að umsóknareyðublöðum vegna framkvæmda- og rekstrarleyfa og framlaga úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Þá fylgja einnig skilmálablöð sem gert er ráð

fyrir að verði ígildi sammings. Flæðirit sem sýna hvernig umsókn verður meðhöndluð fylgir einnig til skýringar.

Að lokum gerir frumvarpið ráð fyrir breytingum á 4. gr. laganna sem fjallar um Samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Gert er ráð fyrir að annar fulltrúi sem skipaður er án tilnefningar verði starfsmaður öldrunarmála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Ákvæði um ritara nefndarinnar er lagfærð og sett ákvæði um kostnað af störfum hennar.

Herra forseti.

Það er rétt að fara nokkrum orðum um tilurð frumvarpsins og skýra baksvið þess sem gert hefur verið í framhaldi af samkomulaginu sem ég vísaði til hér að framan og gert var milli ríkisstjórnarinnar og Landsambands eldri borgara.

Þann 25. september 2002 skipaði ríkisstjórnin starfshóp sem ætlað var að verða farvegur formlegs samráðs stjórnvalda og Landssambands eldri borgara um breytingar á almannatryggingalögum og endurskoðun á lífeyrisgreiðslum er kæmu til framkvæmda á næstu árum. Þá var starfshópnum einnig ætlað að fjalla um uppbyggingu hjúkrunarheimila og þjónustu við aldraða með það að markmiði að stytta biðlista og bæta þjónustu.

Það er skemmst frá því að segja að starfshópurinn var skipaður fulltrúum fjögurra ráðuneyta og Landssambands eldri borgara og skilaði hann tillögum í skýrslu þann 19. nóvember 2002. Í framhaldi af því undirrituðu ríkisstjórn Íslands og Landssamband eldri borgara yfirlýsingu í ráðherrabústaðnum 19. nóvember 2002.

Var það sameiginleg afstaða ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara að tillögurnar væru til vitnis um gagnlegt samstarf og samráð aðila og endurspegluðu samkomulag um aðgerðir ríkisvaldsins í málefnum aldraðra næstu tvö til þrjú árin. Ríkisstjórnin samþykkti að beita sér fyrir því að tillögurnar næðu fram að ganga og var áréttað að aðilar vildu áframhaldandi samráð um þau viðfangsefni sem tillögurnar taka til og annað það sem upp kann að verða tekið í samráðsnefnd aðila.

Tillögur samstarfshópsins eru í níu liðum og lúta að aðgerðum stjórnvalda til að bæta aðstæður og lífskjör aldraðra næstu tvö til þrjú árin. Hefur ríkisstjórnin komið nú þegar til móts við 7 af þessum tillögum og tel ég rétt að fara yfir þær aðgerðir sem hrint hefur verið í framkvæmd.

Í fyrsta lagi var samið um hækkun bóta. Að því er varðar hækkun bóta frá Tryggingastofnun ríkisins þá var með reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fjárhæð tekjutryggingar og tekjutryggingarauka frá Tryggingastofnun ríkisins hækkuð 1. janúar 2003. Frá sama tíma var ákvæðum almannatryggingalaga um tekjutengingu breytt þannig að skerðingarhlutfall tekna gagnvart tekjutryggingarauka lækkaði úr 67% í 45%.

Tekjutrygging og tekjutryggingarauki hækkuðu um 2.000 kr. hvort um sig þann 1. janúar 2004 í samræmi við reglugerð sem sett var af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í 22. nóvember 2002.

Í öðru lagi var samið um heimaþjónustu og heimahjúkrun. Að því er varðar heimaþjónustu við aldraða taldi starfshópurinn mikilvægt að efla heimaþjónustu við aldraða og að þjónusta heimahjúkrunar og heimaþjónusta sveitarfélaga yrði skipulögð þannig að hún yrði á einni hendi. Taldi starfshópurinn að samtvinnum þjónustunnar væri brýnust á höfuðborgarsvæðinu.

Þann 18. nóvember 2003 gerði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra samkomulag við Reykjavíkurborg um samtvinnum félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar í Reykjavík. Samkomulagið felur í sér að setja af stað tilraunaverkefni um sameiginlega stýringu heimaþjónustu í Reykjavík. Sameiginleg stýring heimaþjónustu felst í því að Félagsþjónustan í Reykjavík og Miðgarður, Grafarvogi annars vegar og Miðstöð heimahjúkrunar í Reykjavík hins vegar veita einstaklingum þjónustu samkvæmt sameiginlegri þjónustuáætlun. Einstaklingur getur hvort heldur sem er leitað eftir heimaþjónustu hjá heilsugæslustöð, félagsþjónustunni í Reykjavík eða Miðgarði, Grafarvogi. Beiðnum um þjónustu er

komið til sérstakra matsmanna sem setja upp sameiginlega þjónustuáætlun sem getur falið í sér félagslega heimaþjónustu, heimahjúkrun eða hvort tveggja. Undirbúningur hefur þegar hafist og rekstur tilraunar með samtvinnnaða þjónustu skal standa í tvö ár frá 1. febrúar sl.

Kostnaður við tilraunareksturinn verður greiddur af fjárveitingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins sem samþykkt hefur verið í fjárlögum til að efla heimahjúkrun og samþættingu heimahjúkrunar og heimaþjónustu í samræmi við álit samráðsnefndar stjórnvalda og Landssambands eldri borgara.

Í þriðja lagi var samið um dagvistun og hvíldarinnlagnir. Að því er varðar stoðþjónustu í formi dagvistunar og hvíldarinnlagna þá hefur á árinu 2003 dagvistarrýmum verið fjölgað um 53, ótímabundnum rýmum fyrir hvíldarinnlagnir verið fjölgað um 8 og tímabundnum rýmum fyrir hvíldarinnlagnir á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 26.

Með breytingu á almannatryggingalögum í maí 2002 var lengt það tímabil sem ellilífeyrisþegi getur verið á sjúkrahúsi án þess að missa lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins. Var markmið með lagabreytingunni að auðvelda hvíldarinnlagnir á hjúkrunarheimili og sjúkrahús og þar með koma til móts við þá kröfu að aldraðir geti verið sem lengst í heimahúsi og að hvíldarinnlagnir leiði ekki til þess að þeir missi bætur. Getur það verið öldruðum erfitt að missa bætur við hvíldarinnlögn þar sem ýmis fastur kostnaður fylgir því að halda úti heimili. Tók lagabreyting þessi gildi 1. janúar 2004.

Í fjórða lagi var samið um fjölgun hjúkrunarrýma á Vífilstöðum. Að því er varðar hjúkrunarheimili á Vífilstöðum þá lagði starfshópurinn til að húsnaði Vífilstaðaspítala yrði tekið í notkun hið allra fyrsta. Því miður tókst ekki að hringa þeirri áætlun í framkvæmd á árinu 2003 þar sem húsnaðið var ekki talið fullnægja ýmsum öryggiskröfum sem gerðar eru til húsnaðis hjúkrunarheimila. Þurfti að húsnaðið verulegra lagfæringa og tóku þær lengri tíma en áætlað var. Hjúkrunarheimili á Vífilstöðum var tekið í notkun 30. janúar sl. og verða 50 hjúkrunarrými þar.

Í fimmta lagi var samið um almenna fjölgun hjúkrunarrýma og að því er varðar fjölgun hjúkrunarrýma á hjúkrunarheimilum hefur rýmum fjölgað á árinu 2003 um 89 en þá eru Vífilstaðir taldir með og stefnt er að því fjölga rýmum um 113 á árinu 2004. Að auki er dvalarrýmum breytt í hjúkrunarrými.

Í sjötta lagi var samið um sveigjanleg starfslok. Að því er varðar tillögur samstarfsnefndarinnar um sveigjanleg starfslok og breytingar á almannatryggingalögum þannig að fólk hafi af því skýran ávinning að fresta töku lífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins og eigi þess kost hef ég ákveðið að setja á stofn vinnuhóp til að gera tillögur um lagabreytingar.

Herra forseti.

Frumvarp þetta byggir á samkomulagi ríkisstjórnarinnar við Landssamtök eldri borgara sem gert var 19. nóvember 2002 um aðgerðir ríkisins til að bæta aðstæður og lífskjör aldraðra hér á landi. Þetta er brýnt mál sem ég vonast eftir, herra forseti, að fái vandaða og hraða meðferð hér í þinginu og ég leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frumvarpinu verði vísað til háttvirtrar heilbrigðis- og trygginganefndar og til annarrar umræðu.

(Talað orð gildir)